



VIÐAUKI MEÐ PRÓFSKÍRTEINI (*)



Ísland

1. STARFSHEITI - HEITI STARFSGREINAR EÐA NÁMSBRAUTAR

Félags- og tómstundaliði

2. ÞÝTT HEITI SKÍRTEINISINS

Social and leisure activities assistant

Þessi þýðing hefur ekkert lagalegt gildi.

3. LÝSING Á KUNNÁTTU OG FÆRNI

Handhafi

- getur nýtt fagþekkingu sína til að skipuleggja frístundaiðju með hliðsjón af mismunandi þörfum, þroskastigi og aldri
- kann að leiða ýmsar tegundir hópstarfs
- er fær um að draga fram áhugasvið og styrkleika hvers og eins, stuðla að aukinni virkni og ýta undir sjálfstæði og félagsleg samskipti
- gegnir mikilvægu hlutverki sem fyrirmynd, getur lesið í aðstæður og brugðist við með viðeigandi hætti hverju sinni
- sýnir sjálfstæð vinnubrögð, getur skipulagt verkefni út frá ólíkum þörfum og mismunandi aldri og skapað öryggi og vellíðan þeirra sem nýta sér frístundastarfsemi
- býr yfir góðri samskiptafærni, sýnir umhyggju og getur átt uppbyggileg samskipti við samstarfsfólk, þjónustupega, aðstandendur og forráðamenn
- er meðvitaður um að hagnýta sér vinnuvernd með hliðsjón af þeim andlegum og líkamlegum kröfum sem starfið útheimtir
- vinnur eftir gæðaviðmiðum/gæðahandbók, þekkir vinnuvernd og öryggisferla á vinnustað og er fær um að veita skyndihjálp ef slys eða óhöpp ber að höndum
- þekkir siðareglur, sýnir siðferðisþroska og gætir þagmælsku í störfum sínum
- er fær um að tileinka sér nýjungar í starfi og er meðvitaður um mikilvægi þess.

4. STARFSSVIÐ SEM SKÍRTEINISHAFI HEFUR AÐGANG AÐ

Félags- og tómstundaliðar vinna með börnum, unglingum og öldruðum í þeim tilgangi að auka virkni þeirra og stuðla að markvissu og uppbyggilegu frístundastarfi. Hlutverk félags- og tómstundaliða er að stuðla að auknum þroska ungs fólks í gegnum frístundastarf. Þeir veita börnum, unglingum og foreldrum heildstæða og faglega þjónustu. Félagsgreinar og tómstundaliðar vinna með öldruðum í þeim tilgangi að ýta undir sjálfshjálp, félagslega samveru, félagslega virkni og auka félagsleg samskipti þeirra. Þeir vinna út frá áhugasviði einstaklingsins og koma til móts við þarfir fólks á einstaklingsgrundvelli. Félagsgreinar og tómstundaliðar sjá einnig um samstarf og kynningar við nærumhverfið til að skapa starfseminni verkefni. Þeir leiðbeina um líkamsstöðu og veita aðstoð við líkamlegar þarfir.

(*) Skýringar

Þessu skjali er ætlað að veita nánari upplýsingar um tilgreint skírteini en hefur sem slíkt ekkert lagalegt gildi. Framsetning þessarar lýsingar byggist á eftirtöldum textum: Ályktun ráðsins 93/C 49/01 hinn 3. desember 1992 um gagnsæi hæfnikrafna, Ályktun ráðsins 96/C 224/04 hinn 15. júlí 1996 um gagnsæi prófskírteina í starfsmenntun og Tilmælum Evrópuþingsins og ráðsins 2001/613/EC hinn 10. júlí 2001 um ferða- og dvalarfrelsi innan Evrópusambandsins fyrir námsmenn, þá sem eru í þjálfum, sjálfboðaliða, kennara og leiðbeinendur.

Nánari upplýsingar fast hjá: www.cedefop.eu.int/transparency

© Evrópusambandið 2002

5. LÖGFORMLEG ATRIÐI

Nafn og staða stofnunar er gefur út skírteinið Framhaldsskóli á Íslandi sem starfar á grundvelli laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla sem menntamálaráðherra gefur út.	Nafn og staða stjórnvalds lands eða svæðis sem annast vottun eða staðfestingu skírteinisins Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Menntunarstig skírteinisins (í landinu eða alþjóðlega) Framhaldsskólastig Isced 3 Íslenski hæfniramminn (ISQF) 2. þrep – EQF 3. þrep	Einkunnakvarði/ Kröfur til að standast próf 1-10 Lágmarkseinkunn 5.
Dæmi um áframhaldandi nám Viðbótarnám til stúdentsprófs.	Alþjóðlegir samningar
Lagalegur grunnur Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.	

6. UMFANG OG SKIPULAG MENNTUNAR

<p>Meðalnámstími er tvö ár og á þeim tíma er námi og kennslu hagað sem hér segir: nám í skóla í fjórar annir, námstími samtals 72 vikur að próftíma meðtöldum. Vinnustaðanám er samtals sjö vikur.</p> <p>Inngönguskilyrði Grunnskólapróf</p> <p>Viðbótarupplýsingar Frekari upplýsingar er að finna á: www.menntamalaraduneyti.is</p> <p>Upplýsingamiðstöð í landinu Mennta- og menningarmálaráðuneytið, www.menntamalaraduneyti.is</p>
